


Fundargerð

Þriðjudaginn 7. júní 2022 kl. 09:00 kom eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga (EFS) saman til fjarfundar í gegnum Teams.

Fundinn sátu Þórir Ólafsson formaður, Gerður Guðjónsdóttir, Oddur Jónsson og Gústav Aron Gústavsson sem ritaði fundargerð.

1. Fundargögn



2. Samþykkt fundargerða síðustu funda

Fundargerðir nr. 390, 391 og 392 voru samþykktar.

3. Ásskýrsla EFS

Lögð voru fram drög að ársskýrslu nefndarinnar vegna ársreikninga 2020. Eftir yfirferð var skýrslan samþykkt og verður birt á heimasíðu ráðuneytisins.

4. Tekjustofnanefnd

Um þessar mundir er að störfum tekjustofnanefnd sem hefur það hlutverk að endurskoða tekjustofna sveitarfélaga og Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Verið er að vinna að skýrslu nefndarinnar þar sem er meðal annars fjallað um EFS. Lögð voru fram drög að texta er varðar EFS til umfjöllunar og yfirferðar. Fjallað er almennt um fjármál sveitarfélaga og viðmið EFS.

Nefndin lagði áherslu á að umfjöllunin væri almennt um störf EFS og efnið er ekki að koma beint frá nefndinni sjálfri.

5. Reykjavíkurborg

Borist hefur nefndinni svarbréf frá Reykjavíkurborg, dags. 14. febrúar 2022, við bréfi EFS, dags. 3. desember 2021, varðandi fyrirvara hluta borgarstjórnar við samþykkt ársreiknings Reykjavíkurborgar fyrir árið 2020. Gerður er efnislegur fyrirvari um reikningshaldslega meðferð fasteigna Félagsbústaða hf. í samstæðuársreikningi Reykjavíkurborgar.

EFS verður með þetta til skoðunar áfram samhliða yfirferð á ársreikningi 2021

6. Árborg

Fjallað var um Sveitarfélagið Árborg en nefndin átti fund með fulltrúum Árborgar þann 8 mars sl. þar sem umfjöllunarefnið var fjárhagsáætlun 2022-2025 ásamt framtíðarsýn í fjármálum sveitarfélagsins. Síðan þá hefur sveitarfélagið birt ársreikning 2021 og reyndist rekstrarniðurstaðan vera nokkuð verri en útkomuspá 2021 hafði gert ráð fyrir.

Ákveðið var að rita sveitarfélaginu bréf og í framhaldi óska eftir nýjum fundi með fulltrúum Árborgar í ágúst til að fara yfir fjárhagsstöðuna.

7. Ársreikningar 2021

Lagt var fram yfirlit yfir ársreikninga 2021 með helstu kennitölum. Langflest sveitarfélög hafa skilað inn ársreikningi en þó er nokkur eftir að skila inn. Ákveðið var að senda bréf til þeirra sveitarfélaga sem eru með neikvæða rekstrarniðurstöðu á árinu 2021 í A- og B-hluta.

8. Verkefnaskjal

Frestað til næsta fundar

9. Önnur mál

Enginn önnur mál